

1. erindi, sendandi Kirkjugarðaráð:

Athugasemd: Kirkjugarðaráð gerir eina athugasemd við endurskoðun aðalskipulagsins sem varðar stærðir kirkjugarða í greinargerð. Þar eru allir kirkjugarðar merktir sem 0,1 ha og því telur ráðið líklegt að um staðlaða nálgun eða skekkju sé að ræða. Bent er á að kirkjugarðarnir tveir á Möðruvöllum séu stærrir; sá eldri um 0,48 ha og sá nýrri um 0,43 ha, samtals rúmlega 0,8 ha. Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við skipulagið og Kirkjugarðaráð hrósar samantekt um umgjörð, greiningu á þörfum og viðhald kirkjugarða í sveitarfélaginu.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Tekið er undir ábendinguna. Í greinargerð aðalskipulagsins er nú þegar gert ráð fyrir að kirkjugarður á Möðruvöllum verði megin kirkjugarður sveitarfélagsins og að tryggt verði nægt grafartækt land innan sveitarfélagsins. Einnig er fjallað um kirkjugarða sem hluta af menningarlandslagi og mikilvægi þess að mannvirkjum og næsta umhverfi kirkjugarða verði vel við haldið.

Stærð kirkjugarðsins á Möðruvöllum verður yfirfarin og leiðrétt í töflu um kirkjugarða og grafreitir þannig að fram komi að kirkjugarðarnir tveir á Möðruvöllum séu samtals um 0,8 ha, í samræmi við umsögn Kirkjugarðaráðs. Jafnframt verður yfirfarið hvort stærðir annarra kirkjugarða í töflunni þurfi nánari leiðréttingu. Ekki er talin þörf á efnislegri breytingu á stefnu aðalskipulagsins vegna umsagnarinnar.

2. erindi, sendandi Sigríður Kristín Sverrisdóttir:

Athugasemd: Óskað er eftir því að tekin verði fyrir umsókn um breytingu á aðalskipulagi í landi Skriðu. Fram kemur að sambærileg umsókn hafi áður verið send 22.03.2024 og fjallað um á sveitarstjórnarfundi nr. 168, en nú hafi verið gerð breyting á rúmmetrum og hekturum í nýrri umsókn. Í umsókninni er óskað eftir því að um 2,5 ha svæði í landi Skriðu verði breytt í efnistökusvæði. Gert er ráð fyrir allt að 49.500 m³ efnistöku. Um er að ræða malarefni á svæði með litlu eða engu gróðursvæði og áætlað er að dýpi efnistöku verði um 2,5-5,0 m. Fram kemur að efni verði m.a. nýtt í að dýpka farveg Syðri-Tunguár, moka honum í garð meðfram ánni að sunnanverðu og gera garð meðfram Hörgá til landvarna. Rök umsækjanda eru m.a. þau að skortur sé á efnistökusvæðum á Eyjafjarðarsvæðinu, að skortur á efni geti haft áhrif á samkeppni og framkvæmdir, að svæðið sé við hlið núverandi efnistökusvæðis E8 Hörgá 5 og falli því vel að núverandi landnotkun. Einnig er vísað til þess að ekki verði rask á lífríki fiskistofna í Hörgá, hagfelldara sé að moka úr eyrinni en úr Hörgá sjálfri og að gengið verði frá svæðinu til landbúnaðarnota að efnistöku lokinni.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Ekki er fallist á athugasemdina að svo stöddu. Sveitarfélagið telur að fyrirliggjandi gögn séu ekki nægjanleg til að taka nýtt efnistökusvæði í landi Skriðu inn í aðalskipulagið á þessu stigi. Beiðnin felur í sér nýja landnotkun og umfangsmikla efnistöku, allt að 49.500 m³, á svæði í nágrenni Hörgár og Syðri-Tunguár. Slík breyting kallar á nánari greiningu á áhrifum á vatnafar, lífríki, landslag, ásynd, umferð, aðkomu, rask, frágang og samspil við núverandi efnistöku á svæðinu. Þar sem umsóknin barst á auglýsingartíma aðalskipulagstillögunnar og felur í sér nýtt efnistökusvæði sem ekki hefur verið tekið til heildstæðrar umfjöllunar í umhverfismati tillögunnar, er ekki talið rétt að bæta svæðinu inn í aðalskipulagið án frekari gagna og málsmeðferðar. Athugasemdinni er því hafnað að svo stöddu. Landeiganda er bent á að leggja megi fram sérstaka beiðni um breytingu á aðalskipulagi síðar, þar sem gerð verði ítarlegri grein fyrir afmörkun svæðis, umfangi efnistöku, vinnslutilhögun, aðkomu, áhrifum á umhverfi, mótvægisáðgerðum og frágangi. Slík beiðni yrði þá tekin til sjálfstæðrar málsmeðferðar samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

3. erindi, sendandi Forsætisráðuneytið:

Athugasemd: Forsætisráðuneytið gerir ekki athugasemdir við endurskoðun Aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044, með fyrirvara um þau sjónarmið sem fram koma í umsögninni. Ráðuneytið minnir á að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna í sveitarfélaginu sem vara lengur en eitt ár eru háðar samþykki ráðherra skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Þá þarf leyfi ráðherra fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. sömu laga. Einnig þarf leyfi ráðherra fyrir aðgerðum og verkefnum sem miða að aukinni kolefnisbindingu eða samdrætti í losun kolefnis á svæðum innan þjóðlendu sem skilgreind eru fyrir slíka nýtingu lands í skipulagsáætlun. Samþykki ráðherra þarf jafnframt til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna, óháð tímalengd nýtingar. Í umsögninni er jafnframt bent á að við útfærslu uppbyggingar á einstökum svæðum í þjóðlendum skuli taka mið af stefnu um nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum og reglugerð nr. 630/2023. Þar er m.a. lögð áhersla á að standa vörð um óbyggð víðerni og að uppbygging ferðamannaáðstöðu á miðhálandinu sé almennt takmörkuð við mannvirki utan skilgreindra víðerna, á jaðri miðhálandisins og við meginleiðir. Ef slík uppbygging er ekki möguleg utan víðerna skuli gæta þess að hún valdi sem minnstu raski og sjónmengun og feli einungis í sér takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem skála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Ráðuneytið tekur fram að mikilvægt sé að haft verði samráð við það ef kemur til skipulagsvinnu eða leyfisveitinga í þjóðlendum í sveitarfélaginu.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Umsögnin gefur ekki tilefni til efnislegrar breytingar á aðalskipulagstillögunni. Sveitarfélagið þakkar Forsætisráðuneytinu fyrir umsögnina og tekur undir mikilvægi þess að gætt verði að ákvæðum laga nr. 58/1998 um þjóðlendu og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, sem og reglugerð nr. 630/2023 um meðferð og nýtingu þjóðlendna, við frekari skipulagsgerð og leyfisveitingar innan þjóðlendna. Tekið verður mið af ábendingum ráðuneytisins við nánari útfærslu framkvæmda og landnotkunar á svæðum sem kunna að falla innan þjóðlendna. Komi til skipulagsvinnu, leyfisveitinga, framkvæmda, efnistöku, nýtingar vatns-, jarðhita- eða vindorkuréttinda eða verkefna sem lúta að kolefnisbindingu innan þjóðlendna, verður haft samráð við Forsætisráðuneytið og aflað samþykkis eða leyfis ráðherra eftir því sem lög kveða á um. Ekki er talin þörf á breytingu á uppdrætti eða stefnu aðalskipulagsins vegna umsagnarinnar, en ábendingarnar verða hafðar til hliðsjónar við framkvæmd og eftirfylgni aðalskipulagsins.

4. erindi, sendandi Halldór Jóhannsson:

Athugasemd: Í umsögninni er vakin athygli á umsókn landeigenda Stekkjarhóls um sameiningu og stækkun tjarna/gryfja í samhengi við malarnám. Fram kemur að umsókn hafi verið send sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa Hörgársveitar sama dag. Óskað er eftir að beiðnin verði afgreidd samhliða eða áður en endanlegt aðalskipulag hlýtur samþykki. Bent er á að um sé að ræða svæði sem þegar hafi verið raskað vegna malarnáms áður fyrr og að öðru leyti vísað til gagna sem send hafi verið sveitarfélaginu.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Ekki er fallist á athugasemdina að svo stöddu. Sveitarfélagið telur að fyrirliggjandi umsögn ein og sér feli ekki í sér nægjanlegar upplýsingar til að taka afstöðu til þess að breyta aðalskipulagstillögunni vegna sameiningar og stækkunar tjarna/gryfja í landi Stekkjarhóls. Erindið felur í sér beiðni um breytingar sem virðast tengjast fyrri malarnámi og mögulegri áframhaldandi eða breyttri nýtingu raskaðs svæðis. Slík breyting getur haft áhrif á landnotkun, vatnafar, landslag, ásýnd, frágang, öryggi og mögulega umhverfisáhrif. Þar sem ekki liggur fyrir í umsögninni fullnægjandi lýsing á umfangi, afmörkun, tilgangi, framkvæmdartilhögun, mótvægisáðgerðum eða frágangi er ekki talið rétt að breyta auglýstri aðalskipulagstillögu á þessu stigi. Athugasemdin er því hafnað að svo stöddu. Landeigendum er bent á að leggja

fram sérstakt erindi eða beiðni um breytingu á aðalskipulagi, eftir því sem við á, með ítarlegri gögnum um afmörkun svæðis, umfang breytinga, tengsl við fyrra malarnám, áhrif á umhverfi og fyrirhugaðan frágang. Slík beiðni yrði þá tekin til sjálfstæðrar málsmeðferðar samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

5. erindi, sendandi Gísli Arnór Pálsson:

Athugasemd: Óskað er eftir því að í nýju aðalskipulagi verði gert ráð fyrir efnistöku/malarnámi úr landi Dagverðartungu í Hörgárdal. Vísað er til tölvupósts til skipulags- og byggingarfulltrúa dags. 03.03.2026. Fram kemur að umfang fyrirhugaðs efnistökusvæðis sé allt að 2,5 ha og áætlað efnismagn allt að 50.000 m³.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Ekki er fallist á athugasemdina að svo stöddu. Sveitarfélagið telur að fyrirliggjandi upplýsingar séu ekki nægjanlegar til að bæta nýju efnistökusvæði í landi Dagverðartungu inn í aðalskipulagið á þessu stigi. Beiðnin felur í sér nýja landnotkun og allt að 50.000 m³ efnistöku á allt að 2,5 ha svæði, en í umsögninni liggja ekki fyrir nánari upplýsingar um afmörkun svæðis, aðkomu, vinnslutilhögun, áhrif á landslag og ásynd, vatnafar, lífríki, umferð, mótvægisáðgerðir eða frágang. Þar sem umsóknin kallar á nánari greiningu og mat á umhverfisáhrifum er ekki talið rétt að breyta auglýstri aðalskipulagstillögu á þessu stigi án frekari gagna og málsmeðferðar. Sérstaklega þarf að liggja fyrir hvort og hvernig fyrirhuguð efnistaka samræmist stefnu aðalskipulags um efnistöku, vernd landslags og náttúru, nálæga landnotkun og kröfur um frágang raskaðra svæða. Athugasemdinni er því hafnað að svo stöddu.

Landeigendum er bent á að leggja megi fram sérstaka beiðni um breytingu á aðalskipulagi síðar, með ítarlegri gögnum um afmörkun svæðis, áætlað efnismagn, vinnslutilhögun, aðkomu, áhrif á umhverfi, mótvægisáðgerðir og frágang. Slík beiðni yrði þá tekin til sjálfstæðrar málsmeðferðar samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

6. erindi, sendandi Árni Rúnar Örvarsson:

Athugasemd: Gerð er athugasemd við skilgreiningu efnistökusvæðis E17 Gáseyrin í aðalskipulagstillögunni. Í athugasemdinni kemur fram að í tillögunni sé gert ráð fyrir heildarmagni efnistöku að hámarki 49.500 m³, en sú tala byggir á umsókn um tímabundið framkvæmdaleyfi til þriggja ára frá árinu 2022 og endurspeglar hvorki raunverulegt umfang, eðli né burðargetu svæðisins til lengri tíma. Fram kemur að Gáseyrin sé frábrugðin hefðbundnum námum þar sem um sé að ræða endurnýjanlegt efnistökusvæði. Finn ílagnasandur berist stöðugt að með sjávarföllum og straumum og því sé svæðið ekki föst og tæmanleg auðlind með sama hætti og hefðbundnar námur. Bent er á að efnistaka hafi farið fram á svæðinu í um 80 ár án þess að sýnt hafi verið fram á neikvæð áhrif á umhverfi, ásynd, fornminjar, lífríki eða hafsbötn. Í athugasemdinni er jafnframt vísað til þess að sandurinn á Gáseyri hafi staðbundið og þjóðhagslegt gildi, sé hreinn ílagnasandur sem finnist aðeins á fáum stöðum, og hafi m.a. verið notaður sem pússningssandur á Eyjafjarðarsvæðinu og til söndunar á Akureyrarflugvelli. Þá er bent á að svæðið hafi verið skilgreint sem efnistökusvæði í skipulagi Glæsibæjarhrepps árið 1996 og að landeigendur telji að svæðið hafi síðar fallið út úr skipulagi án fullnægjandi samráðs. Óskað er eftir því að heimildir fyrir efnistöku verði rýmkaðar þannig að heimilt verði að taka allt að 50.000 m³ á hverju þriggja ára tímabili, í samræmi við framkvæmdaleyfi og gildandi lög og reglur hverju sinni, og að heildarmagn efnistöku á gildistíma aðalskipulags verði allt að 490.000 m³.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Ekki er fallist á athugasemdina að svo stöddu. Sveitarfélagið telur ekki forsendur til að rýmka heimildir fyrir efnistöku á Gáseyri úr 49.500 m³ í allt að 490.000 m³ á gildistíma aðalskipulagsins á þessu stigi. Slík breyting er veruleg að umfangi og myndi fela í sér

tíðöldun á því magni sem gert er ráð fyrir í auglýstri tillögu. Hún kallar því á ítarlegri greiningu en liggur fyrir í aðalskipulagsgögnum, m.a. á áhrifum á strandsvæði, sjávarrof og setflutninga, lífríki, fornminjar, landslag, ásjón, útivist, aðkomu, umferð og samspil við aðra landnotkun á Gáseyri og nágrenni. Þótt tekið sé undir að svæðið hafi sérstöðu og að efnistaka hafi sögulega farið þar fram, telur sveitarfélagið ekki unnt að byggja svo umfangsmikla langtímaheimild eingöngu á fyrri nýtingu eða þeirri forsendu að efnið sé endurnýjanlegt. Áður en slíkar heimildir eru rýmkaðar þarf að liggja fyrir sjálfstætt og fullnægjandi mat á burðargetu svæðisins, raunverulegum áhrifum endurtekinnar efnistöku, mögulegri þörf á vöktun og því hvort framkvæmdin kunni að vera háð mati eða tilkynningu samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Aðalskipulagstillagan gerir áfram ráð fyrir efnistökusvæði á Gáseyri, en með takmörkuðu magni sem byggir á þeim upplýsingum sem lágu fyrir við mótun tillögunnar. Sveitarfélagið telur að frekari rýmkun heimilda þurfi að fara í sjálfstæða málsmeðferð, annaðhvort sem breyting á aðalskipulagi eða í tengslum við ítarlegri leyfisumsókn, þar sem aflað verði umsagna viðeigandi stofnana og metið með heildstæðum hætti hvort og með hvaða skilyrðum frekari efnistaka geti farið fram.

Athugasemdinni er því hafnað að svo stöddu hvað varðar kröfu um rýmkun heildarheimildar í allt að 490.000 m³. Landeigendum er bent á að leggja megi fram nánari gögn um eðli og burðargetu svæðisins, setflutninga, umhverfisáhrif, vöktun, mótvægisáðgerðir og leyfisþörf, og yrði slík beiðni þá tekin til sérstakrar málsmeðferðar samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og eftir atvikum lögum nr. 111/2021.

7. erindi, sendandi Hafnasamlag Norðurlands bs.

Athugasemd: Hafnasamlag Norðurlands bs. þakkar kynningu á endurskoðun aðalskipulagsins og góð viðbrögð við ábendingum sem sendar voru inn á vinnslustigi. Óskað er eftir að tekið verði tillit til nokkurra atriða sem varða innviði vegna atvinnu- og hafnarsvæðis á Dysnesi.

Óskað er eftir að sýnt verði iðnaðarsvæði með hringtækni I við Ólafsfjarðarveg, þar sem gert verði ráð fyrir sameiginlegu tengivirki Landsnets og RARIK við Dalvíkurlínu. Jafnframt er óskað eftir að í aðalskipulagi verði heimild fyrir allt að 2.500 m² lóð fyrir tengivirkið.

Þá er óskað eftir að rafstrengur frá tengivirki að hafnarsvæði við Dysnes verði sýndur á aðalskipulagsuppdraetti, í vegstæði veglínu 2 frá Ólafsfjarðarvegi að Dysnesi.

Einnig er óskað eftir að gert verði ráð fyrir fjarskiptatengingu atvinnusvæðis á Dysnesi við háhraðanet með ljósleiðara og að tryggt verði gott farsímasamband á svæðinu. Loks er óskað eftir að vatnsveita verði í samræmi við gildandi deiliskipulag og að tryggt verði nægt kalt vatn og brunavatn fyrir hafnarsvæðið og hafnarstarfsemi til framtíðar.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Ekki er fallist á að gera breytingar á aðalskipulagstillögunni að svo stöddu. Sveitarfélagið tekur undir að raforkutenging, fjarskipti, vatnsveita og brunavarnir séu mikilvægir innviðir vegna framtíðaruppbyggingar á Dysnesi. Hins vegar liggur ekki fyrir nægjanlega útfærð eða formlega samþykkt hönnun, afmörkun eða staðsetning þeirra mannvirkja sem óskað er eftir að verði bætt inn í aðalskipulagið, þar á meðal nákvæm staðsetning tengivirkis, endanleg stærð lóðar og endanleglega rafstrengs frá tengivirki að hafnarsvæði.

Aðalskipulag er stefnumótandi skipulagsáætlun og þarf að byggja á nægjanlega traustum forsendum þegar ný landnotkun eða innviðir eru settir inn á uppdrátt. Beiðni um nýtt iðnaðarsvæði við Ólafsfjarðarveg og rafstreng að Dysnesi kann að kalla á nánara samráð við Landsnet, RARIK, landeigendur, Vegagerðina og aðra viðeigandi aðila, auk nánari skoðunar á landnotkun, aðkomu, veghelgun, umhverfisáhrifum og mögulegri þörf á deiliskipulagi eða

framkvæmdaleyfi.

Athugasemdinni er því hafnað að svo stöddu hvað varðar að bæta nýju iðnaðarsvæði, 2.500 m² tengivirkislóð og legu rafstrengs inn á uppdrátt aðalskipulagsins. Sveitarfélagið telur þó mikilvægt að vinna áfram að undirbúningi nauðsynlegra innviða fyrir Dysnes og mun taka ábendingarnar til skoðunar við frekari útfærslu, deiliskipulagsgerð eða síðari breytingu á aðalskipulagi eftir því sem við á.

Ekki er talin þörf á breytingu á aðalskipulagstillögunni vegna almennra ábendinga um fjarskipti, vatnsveitu og brunavatn, enda verði þessi atriði útfærð nánar í deiliskipulagi, framkvæmdaleyfum og í samráði við viðeigandi veitu- og þjónustuaðila.

8. erindi, sendandi Fiskistofa:

Athugasemd: Fiskistofa bendir á að framkvæmdir sem gert er ráð fyrir í aðalskipulaginu kunni að vera háðar leyfi Fiskistofu skv. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Þetta eigi sérstaklega við um efnistöku, vegagerð, brúargerð, lagningu strengja og aðrar framkvæmdir í eða í návígi við veiðivötn.

Fram kemur að sækja megi um leyfi rafrænt á vefsíðu Fiskistofu og að með umsókn þurfi að skila umsögn sérfræðings um möguleg áhrif framkvæmdar á lífríki og umsögn veiðifélags. Leyfi Fiskistofu skal liggja fyrir áður en ráðist er í framkvæmd.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Tekið er undir ábendingu Fiskistofu. Sveitarfélagið tekur undir mikilvægi þess að leyfisveitingar og framkvæmdir í eða við veiðivötn fari fram í samræmi við 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Ábending Fiskistofu verður höfð til hliðsjónar við framkvæmd og eftirfylgni aðalskipulagsins, einkum vegna efnistöku, vegagerðar, brúargerðar, lagningar strengja og annarra framkvæmda í nágrenni vatnsfalla, vatna eða annarra veiðivatna. Við slíkar framkvæmdir skal afla leyfis Fiskistofu áður en ráðist er í framkvæmd, eftir því sem við á, og leggja fram nauðsynleg gögn um möguleg áhrif á lífríki og umsögn viðkomandi veiðifélags.

Umsögnin gefur ekki tilefni til breytinga á uppdrætti aðalskipulagsins.

9. erindi, sendandi Minjastofnun Íslands

Athugasemd: Minjastofnun bendir á að í fyrri umsögnum stofnunarinnar um skipulagslýsingu og vinnslutillögu hafi verið farið yfir stöðu skráningar og þær kröfur sem stofnunin gerir. Vísað er til 16. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar og reglna nr. 620/2019 um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda. Þar kemur m.a. fram að fornleifar, hús og mannvirki í þéttbýli og á svæðum þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir sem valda jarðraski á skipulagstímanum skuli skráðar á vettvangi áður en aðalskipulag er samþykkt. Þetta geti einnig átt við framkvæmdir í sjó og vötnum.

Stofnunin tekur fram að margt sé mjög vel gert í aðalskipulagstillögunni hvað varðar menningarminjar. Sérstaklega er nefnd umfjöllun í kafla 6.8 um hverfisverndarsvæði og kafla 6.8.2 þar sem fjallað er um staði sem njóta hverfisverndar vegna fornleifa. Minjastofnun telur nálgunina áhugaverða og til fyrirmyndar og að hún sýni áhuga og skilning á mikilvægi minja svæðisins.

Gerð er athugasemd við að þar sem fjallað er um fornleifaskráningu hafi ekki verið tekið mið af tilmælum Minjastofnunar í fyrri umsögnum. Stofnunin telur mjög mikilvægt að gengið verði frá þessu máli fyrir gildistöku skipulagsins. Þá er bent á að vegna uppbyggingar á bæjartorfum þurfi að leita umsagnar Minjastofnunar áður en byggingarframkvæmdir hefjast, jafnvel þótt ekki verði gert deiliskipulag vegna uppbyggingarinnar.

Í tengslum við kafla 6.9 um skógrækt bendir Minjastofnun á að í texta tillögunnar segi að áður en

skógrækt hefjist skuli liggja fyrir fornleifaskráning eða mat á því hvort menningarminjar séu til staðar. Stofnunin minnir á að það sé í höndum Minjastofnunar að leggja mat á þörf á skráningu menningarminja.

Að lokum bendir Minjastofnun á ósamræmi í framsetningu efnistökusvæða á bls. 70. Þar sé merkt inn svæði E15 rétt við friðlýstar fornleifar Gásakaupstaðar, en í lista yfir efnistökusvæði sé ekkert svæði nr. E15. Í töflunni sé hins vegar náma E17, sandnáma í landi Gása, sem sé teiknuð í fjörunni á kortinu.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Tekið er undir ábendingar Minjastofnunar. Sveitarfélagið þakkar Minjastofnun fyrir yfirferðina og jákvæða umsögn um umfjöllun aðalskipulagstillögunnar um menningarminjar og hverfisverndarsvæði.

Brugðist verður við umsögninni með því að yfirfara og skýra umfjöllun um fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningu í greinargerð aðalskipulagsins. Tekið verður skýrar fram að skráning menningarminja skuli fara fram í samræmi við lög nr. 80/2012 um menningarminjar og reglur nr. 620/2019, og að fornleifar, hús og mannvirki á svæðum þar sem fyrirséð er jarðrask eða framkvæmdir á skipulagstímanum skuli skráð á vettvangi áður en gengið er frá viðeigandi skipulags- eða leyfisveitingum, eftir því sem við á og í samráði við Minjastofnun.

Í texta um uppbyggingu á bæjartorfum verður bætt við skýrari áréttingu um að leita skuli umsagnar Minjastofnunar áður en byggingarframkvæmdir hefjast, jafnvel þótt ekki sé unnið deiliskipulag fyrir viðkomandi uppbyggingu.

Texti í kafla 6.9 um skógrækt verður leiðréttur þannig að fram komi að það sé Minjastofnun Íslands sem metur þörf á skráningu menningarminja áður en skógrækt hefst eða framkvæmdir sem kunna að hafa áhrif á menningarminjar fara fram.

Jafnframt verður ósamræmi í framsetningu efnistökusvæða E15/E17 yfirfarið og leiðrétt í greinargerð og á uppdrætti/korti eftir því sem við á, þannig að númer, afmörkun og staðsetning efnistökusvæða við Gásakaupstað/Gáseyri verði skýr og samræmd. Sérstaklega verður gætt að því að framsetning svæðisins taki mið af nálægð við friðlýstar fornleifar Gásakaupstaðar.

10. erindi, sendandi Vegagerðin:

Athugasemd: Vegagerðin gerir nokkrar athugasemdir við tillögu að Aðalskipulagi Hörgársveitar 2024-2044.

Í fyrsta lagi bendir Vegagerðin á að skrá yfir vegi í náttúru Íslands hafi ekki hlotið samþykki hjá stofnuninni. Sveitarfélag skuli útbúa drög að þekju yfir vegi í náttúru Íslands við gerð aðalskipulags skv. reglugerð nr. 260/2018. Tengingar við þjóðvegi séu háðar samþykki Vegagerðarinnar og þekju þurfi að senda stofnuninni til endanlegrar samþykktar, bæði vegna tenginga við þjóðvegi og yfirferðar landupplýsingagagna. Vegagerðin mælir með vinnufundum með sveitarfélagi, Vegagerðinni og ráðgjafa vegna þessa máls.

Vegagerðin gerir athugasemd við að í skipulaginu sé gert ráð fyrir breytingum á Hringvegi við Þelamörk/Laugaland. Fram kemur að búið sé að lækka hámarkshraða á kaflanum, setja vegrið og girða skólalóð af. Vegagerðin telur ekki þörf á slíkum breytingum, sem jafnframt séu kostnaðarsamar og erfiðar vegna landslags, og bendir á að ekki sé gert ráð fyrir framkvæmdum á þessum stað í fyrirliggjandi áætlunum.

Í greinargerð sé minnst á hringtorg og undirgöng við Lónsbakka. Vegagerðin bendir á að hringtorgið hafi þegar verið byggt og að undirgöng verði ekki á þeim stað sem upphaflega var áætlað. Taka megj þá umfjöllun út.

Á uppdráttum séu víða sýnd fyrirhuguð undirgöng undir vegi. Vegagerðin bendir á að gerð undirganga og staðsetning þeirra þurfi að vera í samráði við stofnunina og að skoða þurfi staðsetningu undirganga með tilliti til framtíðarlegu Hringvegar.

Vegagerðin bendir á að í kafla 2.4 um samgönguáætlun komi fram að Hringvegur, Ólafsfjarðarvegur og Hörgárdalsvegur teljist til grunnnets samgangna. Stofnunin áréttar að Hörgárdalsvegur tilheyrir ekki grunnneti samgangna.

Vegagerðin leggur áherslu á að þar sem í þingsályktunartillögu að samgönguáætlun sé gert ráð fyrir breytingum á Hringvegi á kafla um Hörgársveit á 4. tímabili, þ.e. 2036-2040, sé mikilvægt að setja fyrirhugaða breytingu inn á skipulag á þessu stigi. Fyrirhuguð uppbygging taki mikið pláss vegna breikkunar vegar og lagningar hliðarvega og því sé mikilvægt að ákveða hvar vegurinn muni liggja í framtíðinni. Tryggja þurfi að uppbygging í nágrenni Hringvegar hafi ekki áhrif á möguleika til breytinga í framtíðinni. Vegagerðin óskar eftir samráðsfundi með sveitarfélaginu um hvaða leið skuli fara.

Að lokum minnir Vegagerðin á að samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 sé veghelgunarsvæði 30 m til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Mannvirki og framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis séu háðar leyfi Vegagerðarinnar, jafnvel þótt þær séu í samræmi við samþykkt skipulag. Þá þurfi leyfi Vegagerðarinnar fyrir öllum nýjum tengingum við þjóðvegi eða breytingum á þeim.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Tekið er undir ábendingar Vegagerðarinnar að hluta og brugðist verður við þeim í greinargerð og eftir atvikum á uppdráttum. Sveitarfélagið þakkar Vegagerðinni fyrir ítarlega yfirferð og tekur undir mikilvægi þess að samræma aðalskipulag við stöðu og áform í vegamálum, veghelgunarsvæði, tengingar við þjóðvegi og framtíðarlegu Hringvegar.

Í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram stefna sveitarfélagsins um að vinna að gerð vegaskrár samkvæmt náttúruverndarlögum, þar sem gert verði ráð fyrir flokkun vega í náttúru Íslands í flokka F0-F3, í samráði við stofnanir og landeigendur. Þar er jafnframt tekið fram að vinnan hefjist á seinni hluta skipulagstímabilsins og verði lokið eigi síðar en 2040. Gerð verði sérstök breyting á aðalskipulagi þegar þar að kemur.

Um fjöllun um Hringveg við Belamörk/Laugaland verður yfirfarin og leiðrétt þannig að ekki verði gefin til kynna framkvæmd sem Vegagerðin telur ekki þörf á og er ekki á fyrirliggjandi áætlunum. Ef fjallað verður áfram um umferðaröryggi á svæðinu verður það gert með almennari hætti og með vísan til samráðs við Vegagerðina.

Um fjöllun um hringtorg og undirgöng við Lónsbakka verður uppfærð. Tekið verður fram að hringtorg hafi þegar verið byggt og að fyrirhuguð undirgöng verði ekki á þeim stað sem áður var áætlað. Óviðeigandi eða úrelt um fjöllun verður tekin út eða leiðrétt.

Fyrirhuguð undirgöng undir vegi á uppdráttum verða yfirfarin. Bætt verður við skýrum fyrirvara um að staðsetning og útfærsla undirganga sé háð nánara samráði og samþykki Vegagerðarinnar og skuli skoðuð með hliðsjón af framtíðarlegu Hringvegar.

Kafla 2.4 um samgönguáætlun verður leiðréttur þannig að ekki verði fullyrt að Hörgárdalsvegur tilheyrir grunnneti samgangna, þar sem Vegagerðin hefur bent á að svo sé ekki.

Sveitarfélagið tekur undir að mikilvægt er að framtíðarlega og möguleg breikkun Hringvegar verði skoðuð í tíma, enda geti slík framkvæmd haft áhrif á landnotkun, hliðarvegi, tengingar og uppbyggingarmöguleika í nágrenni vegarins. Sveitarfélagið mun eiga samráðsfund með Vegagerðinni um hvaða leið skuli farin varðandi framsetningu framtíðarlegu Hringvegar í aðalskipulaginu og hvernig tryggja megi að uppbygging í nágrenni vegarins takmarki ekki framtíðarmöguleika til breytinga.

Í greinargerð verður jafnframt áréttað að framkvæmdir og mannvirki innan veghelgunarsvæða þjóðvega séu háð leyfi Vegagerðarinnar, óháð því hvort þau séu í samræmi við samþykkt skipulag, og að allar nýjar tengingar við þjóðvegi eða breytingar á þeim séu háðar leyfi Vegagerðarinnar. Umsögnin leiðir því til leiðréttinga og skýringa í greinargerð og eftir atvikum á uppdráttum, en nánari útfærsla verður unnin í samráði við Vegagerðina.

11. erindi, sendandi Jón Björgvinsson:

Athugasemd: Óskað er eftir því að syðstu tún í landi Dvergasteins verði sýnd sem íbúðarbyggð í aðalskipulagi. Fram kemur að svæðið afmarkist af þjóðvegi að vestan, læk sunnan bæjarhúsa Dvergasteins að norðan, lóni að austan og landamerkjum við Dvergastein lóð að sunnan.

Í athugasemdinni kemur fram að erindið miðist eingöngu við íbúðarbyggð en ekki iðnaðarhverfi.

Óskað er eftir íbúðarbyggð með blandaðri hæð húsa og vísað til hæðar skrifstofuturns við Norðurtorg til samanburðar. Þá tekur umsagnaraðili fram að með erindinu öðlist Hörgársveit hvorki forkaupsrétt að reitnum eða jörðinni allri né rétt til að leggja fram deiliskipulag án samþykkis landeiganda.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Beiðnin felur í sér umfangsmikla breytingu á landnotkun sem ekki hefur verið kynnt eða metin í auglýstri tillögu. Slík breyting myndi kalla á endurauglýsingu aðalskipulagstillögunnar og er því ekki unnt að verða við henni á þessu stigi.

Landeiganda er bent á að jákvætt gæti verið að lögð yrði fram sérstök beiðni um breytingu á aðalskipulagi síðar, þar sem fjallað yrði nánar um afmörkun, umfang uppbyggingar, samgöngur, veitur, áhrif á landbúnaðarland og umhverfi.

12. erindi, sendandi Landsnet:

Athugasemd: Landsnet telur að skerpa megi frekar á legu raflína á skipulagsuppdrætti þar sem þær liggja um og við skógræktar- og landgræðslusvæði (SL). Tákn fyrir raflínur dofni eða virðist nær hverfa á slíkum svæðum, sem geti gefið ranga mynd af blandaðri landnotkun þeirra svæða ef eingöngu er horft til skipulagsuppdráttar.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Tekið er undir ábendingu Landsnets. Framsetning raflína á skipulagsuppdrætti verður yfirfarin, sérstaklega þar sem raflínur liggja um eða við skógræktar- og landgræðslusvæði. Leitast verður við að gera línurnar skýrari á uppdrætti þannig að lega flutningskerfis raforku komi greinilega fram og ekki skapist óvissa um landnotkun eða takmarkanir vegna raflína og helgunarsvæða.

Umsögnin leiðir til lagfæringar á framsetningu uppdráttar, en kallar ekki á efnislega breytingu á stefnu aðalskipulagsins.

13. erindi, sendandi Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra:

Athugasemd: HNE vísar til fyrri umsagnar sinnar um vinnslutillögu, dags. 22.01.2026, og bendir á að hennar sé ekki getið í fylgigögnum málsins á Skipulagsgátt, hvorki í yfirliti yfir innsendar umsagnir né í skjali um umsagnir og viðbrögð.

HNE tekur fram að ýmsar lagfæringar hafi þó verið gerðar á greinargerðinni sem samræmist fyrri athugasemdum stofnunarinnar, m.a. varðandi nýja reglugerð um fráveitur og skólphreinsun, svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, skilmála vegna brunnsvæða vatnsbóla, orðalag um markmið efnistöku og skilmála um vöktunarskyldu við efnistöku.

HNE telur þó enn vanta skýrt ákvæði um starfsleyfisskyldu efnistöku, óháð staðsetningu. Þá sé enn ósamræmi milli efnistökusvæða og verndarsvæða, upplýsingar um þegar tekið magn úr efnistökusvæðum liggja ekki fyrir og skýra afmörkun efnistökusvæða skorti, bæði á uppdrætti og í greinargerð, einkum þar sem efnistökusvæði liggja að brunnsvæðum og grannsvæðum vatnsverndar.

Að lokum gerir HNE athugasemd við að stofnunin sé tilgreind sem „ábyrgðaraðili“ fyrir ýmsa þætti, svo sem gæði neysluvatns, fráveitu og vatnsvernd. HNE bendir á að hlutverk stofnunarinnar sé eftirlit með því að lögum og reglugerðum sé fylgt, en ábyrgð á framkvæmd og rekstri innviða liggja hjá sveitarfélagi eða viðkomandi rekstraraðila.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Tekið er undir ábendingar HNE. Sveitarfélagið þakkar HNE fyrir

yfirferðina og tekur undir að fyrri umsögn stofnunarinnar hefði átt að koma fram í yfirliti yfir umsagnir og viðbrögð. Það verður leiðrétt í samantekt gagna.

Í greinargerð verður bætt við skýrari áréttingu um að efnistaka sé starfsleyfisskyld, eftir því sem við á samkvæmt lögum og reglugerðum, óháð staðsetningu. Einnig verður farið yfir samræmi efnistökusvæða og verndarsvæða og afmörkun efnistökusvæða skýrð eins og kostur er í greinargerð og á uppdrætti, sérstaklega þar sem þau liggja nærri brunnsvæðum eða grannsvæðum vatnsverndar.

Upplýsingar um þegar tekið magn úr efnistökusvæðum verða yfirfarnar og uppfærðar eftir því sem gögn liggja fyrir.

Orðalag um HNE sem „ábyrgðaraðila“ verður leiðrétt þannig að skýrt verði greint á milli ábyrgðar sveitarfélags eða rekstraraðila á framkvæmd og rekstri innviða annars vegar og eftirlitshlutverks HNE hins vegar. Umsögnin leiðir því til lagfæringa á greinargerð og eftir atvikum uppdrætti, en kallar ekki á efnislega breytingu á stefnu aðalskipulagsins.

14. erindi, sendandi Landvernd:

Athugasemd: Landvernd telur endurskoðun aðalskipulagsins í heild ítarlega og að tekið sé tillit til viðeigandi laga og reglugerða, en leggur til að skerpt verði á nokkrum þáttum sem varða náttúruvernd og loftslagsmál. M.a. er hvatt til skýrari umfjöllunar um þátttöku íbúa, sjálfbæra þróun, neikvæð smitáhrif Íslands, fleiri heimsmarkmið, skilgreiningu á hugtökum á borð við sjálfbærni og kolefnishlutleysi, auk þess sem markmið um náttúruvernd, endurheimt votlendis og loftslagsaðgerðir verði gerð sýnilegri í leiðarljósi og markmiðum aðalskipulagsins.

Landvernd telur að bæta megi umfjöllun um náttúru sveitarfélagsins, líffræðilega fjölbreytni, jarðvegsrof, tækifæri til náttúruverndar og loftslagsmál í forsendu- og umhverfismatsskýrslu. Einnig er lagt til að loftslagsmál, náttúruvernd, endurheimt votlendis og fleiri heimsmarkmið komi skýrar fram í viðmiðum, áherslum og vöktun umhverfismatsins.

Landvernd hvetur til markvissari stefnu um endurheimt votlendis, m.a. á grunni flokkunar landbúnaðarlands og í samvinnu við landeigendur. Þá er bent á að fjalla þurfi betur um áhrif skógræktar á líffræðilega fjölbreytni, samlegðaráhrif skógræktarsvæða, náttúruvernd, landslag og sérkenni íslenskrar náttúru. Einnig er bent á að taka þurfi mið af nýjum rannsóknum um stafafuru sem mögulega ágenga tegund.

Landvernd fjallar einnig um frístundabyggð, opin svæði og útivist, m.a. með tilliti til útikennslu, og gerir athugasemd við að þyrluflug ferðamanna samræmist illa markmiðum um loftslagsmál, náttúruvernd og sjálfbæra þróun. Lagt er til að sveitarfélagið setji strangari reglur um slíkt flug.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Tekið er undir margar ábendingar Landverndar og verður brugðist við þeim að hluta í greinargerð og umhverfismatsskýrslu. Sveitarfélagið þakkar Landvernd fyrir ítarlega yfirferð og jákvæða umsögn um aðalskipulagstillöguna.

Texti greinargerðar og umhverfismatsskýrslu verður yfirfarinn með það að markmiði að skerpa á umfjöllun um náttúruvernd, loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni, endurheimt vistkerfa og votlendis, þar sem það á við. Einnig verður skoðað að bæta við tilvísunum til fleiri heimsmarkmiða, m.a. markmiða um heilsu og vellíðan, ábyrga neyslu og framleiðslu, aðgerðir í loftslagsmálum og líf í vatni.

Ábendingar um skýrari skilgreiningu hugtaka á borð við sjálfbærni og kolefnishlutleysi verða hafðar til hliðsjónar við yfirferð texta, þannig að notkun hugtakanna verði markvissari. Þá verður skoðað hvort styrkja megi umfjöllun um þátttöku íbúa, áhrif skógræktar og samlegðaráhrif hennar á líffræðilega fjölbreytni, landslag og náttúruvernd.

Ekki er talið að umsögnin kalli á breytingar á uppdrætti eða grundvallarstefnu aðalskipulagsins, en hún leiðir til lagfæringa og skýrari framsetningar í greinargerð og umhverfismatsskýrslu.

Ábendingar um þyrluflug, frístundabyggð, útivistarsvæði og mögulega framtíðarvernd svæða verða hafðar til hliðsjónar við frekari stefnumótun, deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar eftir því sem við á.

15. erindi, sendandi RARIK:

Athugasemd: RARIK vísar til erindis frá COWI þar sem óskað var eftir umsögn um staðsetningu tengivirkis við Dalvíkurlínu 1 og áætlaða strengleið til að koma tengingu á Dysnes.

RARIK bendir á að mikilvægar forsendur þurfi að liggja fyrir áður en tekin sé afstaða til staðsetningar tengivirkis og strengleiðar. Ekki liggja fyrir hver áætluð orkupörf verði á athafnasvæðinu, en hún hafi áhrif á þætti á borð við stærð tengivirkis, kerfisspennu og strenglagningu að svæðinu.

RARIK telur mikilvægt að staðsetning verði ákveðin í samstarfi við landeigendur, hvort sem tengivirki verði austan eða vestan megin við Ólafsfjarðarveg. RARIK fagnar því að hugað sé að þessum málum með góðum fyrirvara, en leggur áherslu á að forsendur liggja fyrir áður en lengra er haldið.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Tekið er undir ábendingar RARIK. Sveitarfélagið tekur undir að nánari forsendur um orkupörf atvinnu- og hafnarsvæðis á Dysnesi þurfi að liggja fyrir áður en endanleg afstaða er tekin til staðsetningar tengivirkis, stærðar þess, kerfisspennu og strengleiðar.

Í aðalskipulaginu verður áfram gert ráð fyrir nauðsynlegum megininnviðum vegna uppbyggingar á Dysnesi, en nánari staðsetning og útfærsla tengivirkis og strengleiðar verður unnin í samráði við RARIK, Landsnet, landeigendur og aðra viðeigandi aðila.

Umsögnin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á stefnu aðalskipulagsins, en ábendingar RARIK verða hafðar til hliðsjónar við frekari útfærslu, deiliskipulag og leyfisveitingar.

16. erindi, sendandi Náttúruverndarstofnun:

Athugasemd: Náttúruverndarstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins séu friðlýst svæði, svæði á náttúruminjaskrá og svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Stofnunin leggur áherslu á að fjallað sé um áhrif aðalskipulagsins á friðlýst svæði og minnir á 54. gr. náttúruverndarlaga um framkvæmdir utan friðlýstra svæða sem kunna að hafa áhrif á verndargildi þeirra.

Bent er á að svæði nr. 505 Hraunsvatn og Vatnsdalur sé ekki tilgreint í greinargerð með svæðum á náttúruminjaskrá og mikilvægt sé að telja upp öll slík svæði innan skipulagssvæðisins. Einnig er minnt á að forðast beri rask á svæðum og náttúrumyndunum á náttúruminjaskrá nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað.

Stofnunin telur að fjalla þurfi betur um náttúruþyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar, hvernig forðast verði rask þeirra og hvaða valkostir hafi verið skoðaðir. Sérstaklega er bent á óvissu vegna skógræktar í nálægð við votlendi og möguleg óbein áhrif á vatnsbúskap votlendis og fuglalíf. Einnig er bent á að svæði sem njóta sérstakrar verndar skuli koma skýrt fram á korti. Gerðar eru ábendingar um náttúruskóga og birkiskóga, líffræðilega fjölbreytni, skógrækt og tegundaval. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að sveitarfélagið marki skýra stefnu um vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni, horfi til mögulegrar ágengni innfluttra tegunda, m.a. stafafuru, og setji innlendar trjátegundir í forgang þar sem við á. Þá er bent á að huga þurfi að sjónrænum áhrifum skógræktar, samlegðaráhrifum skógræktarreita og því að kolefnisbinding ein og sér réttlæti ekki sjálfkrafa breytingu á landnotkun.

Í umsögninni er einnig fjallað um fuglavernd, landslag, Landslagssamning Evrópu, þjóðlendur, efnistöku og víðerni. M.a. er óskað eftir að efnistökuþagn komi fram fyrir hvert efnistökusvæði og að jarðvegskönnun fari fram á nýjum efnistökusvæðum. Þá er lagt til að sveitarfélagið marki

skýrari stefnu um vernd óbyggðra víðerna.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Tekið er undir ábendingar Náttúruverndarstofnunar að hluta.

Sveitarfélagið þakkar ítarlega umsögn og mun yfirfara greinargerð, umhverfismatsskýrslu og uppdrætti með hliðsjón af þeim atriðum sem fram koma.

Rétt er að taka fram að svæði nr. 505 Hraunsvatn og Vatnsdalur er nú friðlýst og er því tilgreint í kafla 6.5 um friðlýst svæði. Í kafla um aðra náttúruvernd eru jafnframt tilgreind þau svæði sem eru á náttúruminjaskrá og þau sýnd á skýringaruppdrætti í greinargerð. Þar er einnig fjallað um svæði sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Framsetning verður þó yfirfarin til að tryggja að tengsl friðlýstra svæða, náttúruminjaskrár og sérstakrar verndar séu skýr og auðlesin.

Varðandi skógrækt er tekið fram að greinargerðin hefur þegar að geyma ítarlega stefnu og skilmála um skógræktar- og landgræðslusvæði. Þar er m.a. fjallað um aðlögun skógræktar að landslagi, takmarkanir vegna náttúru, fornleifa og menningarlandslags, vernd sjónlína og kennileita, kröfur um skógræktaráætlanir, tegundaval og umsagnir stofnana. Þá kemur fram að skógrækt skuli fyrst og fremst beinast að landi sem hentar síður til annarra nota og að taka skuli mið af flokkun landbúnaðarlands.

Í forsendu- og umhverfismatsskýrslu er jafnframt fjallað sérstaklega um ný skógræktar- og landgræðslusvæði, áhrif þeirra á kolefnisbindingu, jarðvegsvernd, líffræðilega fjölbreytni, ásýnd, votlendi og vistgerðir með hátt verndargildi. Þar er einnig fjallað um mikilvægi vandaðs tegundavals, að forðast skógrækt á votlendi og viðkvæmum vistkerfum og að vakta áhrif á gróður, lífríki og ásýnd.

Ábendingar Náttúruverndarstofnunar gefa því ekki tilefni til grundvallarbreytinga á stefnu um skógrækt. Hins vegar verður texti yfirfarinn með tilliti til þess hvort skerpa megi enn frekar á tengingu við líffræðilega fjölbreytni, samlegðaráhrif skógræktar, votlendi og tegundaval, einkum varðandi notkun innlendra tegunda og mögulega útbreiðslu ágengra tegunda.

Varðandi óbyggð víðerni er tekið fram að í greinargerð er þegar sérstakur kafla um víðerni og víðerni eru sýnd á skýringaruppdrætti. Ábending Náttúruverndarstofnunar gefur því ekki tilefni til nýrrar stefnu um víðerni, en texti kaflans verður yfirfarinn með tilliti til þess hvort skerpa þurfi á tengingu við skilgreiningu náttúruverndarlaga, landsskipulagsstefnu og fyrirliggjandi víðernakort. Ábendingar um fuglavernd, mófugla, náttúruskóga, líffræðilega fjölbreytni, landslag og efnistöku verða hafðar til hliðsjónar við lagfæringar á texta og við nánari útfærslu í deiliskipulagi, framkvæmdaleyfum og öðrum leyfisveitingum. Umsögnin leiðir því fyrst og fremst til yfirferðar og mögulegra skýringa í greinargerð og umhverfismatsskýrslu, en kallar ekki á grundvallarbreytingu á stefnu aðalskipulagstillögunnar.

17. erindi, sendandi Ólafur Valsson:

Athugasemd: Umsagnaraðili telur að auglýst tillaga hafi ekki verið tekin til afgreiðslu af sveitarstjórn áður en hún var auglýst og að sveitarstjórn hafi í raun aðeins fjallað um vinnslutillögu á fundi 27.01.2026. Því sé auglýsingin ekki í samræmi við 31. gr. skipulagslaga.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Ekki er fallist á athugasemdina. Sveitarstjórn tók ákvörðun um að auglýsa aðalskipulagstillögu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Að lokinni kynningu vinnslutillögu var unnið úr innkomnum umsögnum og ábendingum og skipulagsgögn uppfærð eftir því sem tilefni þótti til. Slíkar breytingar á milli vinnslutillögu og auglýstrar tillögu eru eðlilegur hluti aðalskipulagsferlis.

Tillagan var auglýst með áberandi hætti skv. 31. gr. skipulagslaga og birt í Skipulagsgátt ásamt fylgigögnum. Ekki er tekið undir að sveitarstjórn hafi framselt skipulagsvald sitt til ráðgjafa.

Ráðgjafi annast faglega úrvinnslu og framsetningu gagna, en ákvarðanir um málsmeðferð og

auglýsingu eru teknar af sveitarstjórn.

Athugasemd: Umsagnaraðili telur að íbúasamráð hafi verið ófullnægjandi. Vísað er til þess að opið hús hafi verið haldið á síðasta degi umsagnarfrests um vinnslutillögu og að ekki sé að finna sérstaka umfjöllun um það í gögnum málsins.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Ekki er fallist á að íbúasamráð hafi verið ófullnægjandi. Vinnslutillaga var kynnt í samræmi við 30. gr. skipulagslaga og haldið var opið hús þar sem íbúar og aðrir hagsmunaaðilar gátu kynnt sér tillöguna og komið á framfæri sjónarmiðum.

Að lokinni kynningu var unnið úr þeim umsögnum og ábendingum sem bárust. Í kjölfarið var aðalskipulagstillagan auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga, þar sem almenningi, íbúum og umsagnaraðilum gafst aftur kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Málsmeðferðin hefur því falið í sér bæði kynningu vinnslutillögu og formlega auglýsingu tillögu áður en endanleg afgreiðsla fer fram.

Athugasemd: Umsagnaraðili telur að skipulagsnefnd hafi ekki haft hliðsjón af efnisathugasemdum sem bárust við lýsingu og vinnslutillögu, m.a. frá Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun og Náttúrustofu Norðausturlands. Vísað er til 30. gr. skipulagslaga og skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Ekki er fallist á að málsmeðferð sé ólögmet af þessum sökum. Náttúruverndarstofnun fékk tillöguna til umsagnar og hefur skilað umsögn um auglýsta aðalskipulagstillögu. Umsögn stofnunarinnar var tekin til umfjöllunar við úrvinnslu athugasemda og brugðist við henni eftir því sem tilefni er til. Ýmsar breytingar og lagfæringar voru gerðar á skipulagsgögnum eftir kynningu vinnslutillögu, m.a. til að bregðast við umsögnum opinberra stofnana og annarra umsagnaraðila.

Athugasemd: Umsagnaraðili telur að Náttúruverndarstofnun og náttúruverndarnefnd hafi ekki fengið lögboðna aðkomu að málinu og að auglýst tillaga hafi því ekki verið byggð á lögmætum grunni.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Ekki er fallist á að málsmeðferð sé ólögmet af þessum sökum. Náttúruverndarstofnun fékk tillöguna til umsagnar og hefur skilað umsögn um auglýsta aðalskipulagstillögu. Umsögn stofnunarinnar hefur verið tekin til umfjöllunar við úrvinnslu athugasemda og brugðist við henni eftir því sem tilefni er til.

Ef framsetning gagna eða skráning umsagnaraðila í Skipulagsgátt hefur valdið óskýrleika verður það yfirfarið. Sveitarfélagið hefur tryggt að umsagnir viðeigandi umsagnaraðila liggi fyrir og þær teknar til efnislegrar umfjöllunar.

Athugasemd: Umsagnaraðili telur að athugasemdir HMS, dags. 16.03.2026, hafi átt að vera teknar til sérstakrar umfjöllunar í sveitarstjórn áður en tillagan var auglýst. Hann telur að þar sem tillagan hafi verið auglýst tveimur dögum eftir athugasemdir HMS sé auglýsingin ólögmet.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Ekki er fallist á athugasemdina. Tillagan var auglýst með athugasemdum HMS og öðrum fylgigögnum. Ekki var búið að verða við öllum athugasemdum HMS í auglýstri tillögu, enda voru þær hluti þeirra gagna sem lögð voru fram með tillögunni og kynnt almenningi og umsagnaraðilum.

Það er heimilt að auglýsa tillögu með athugasemdum HMS, enda er þá tryggt að íbúar, umsagnaraðilar og aðrir hagsmunaaðilar geti kynnt sér bæði tillöguna og framkomnar athugasemdir stofnunarinnar.

Athugasemd: Umsagnaraðili nefnir nokkur efnisatriði sem hann telur sýna annmarka á tillögunni. Hann vísar m.a. til skráningar vega í náttúru Íslands, vatnaáætlunar og áhrifa á vatnshlot, auk þess sem hann heldur því fram að svæði 505 á náttúruminjaskrá hafi verið tekið út úr tillögunni. Að lokum telur hann að hefja þurfi aðalskipulagsvinnuna að nýju.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Ekki er fallist á að þessi atriði gefi tilefni til að hefja aðalskipulagsvinnuna að nýju.

Varðandi vegi í náttúru Íslands er fjallað um þá í greinargerð aðalskipulagsins. Þar kemur fram stefna um að vinna að gerð vegaskrár á skipulagstímanum og að þeirri vinnu verði lokið eigi síðar en 2040. Við úrvinnslu umsagna verður texti yfirfarinn með hliðsjón af athugasemdum Vegagerðarinnar og annarra umsagnaraðila.

Varðandi vatnaáætlun og vatnshlot er tekið fram að í aðalskipulaginu er fjallað um vatnsvernd, vatnsból, vatnsverndarsvæði og áhrif landnotkunar á vatn. Við endanlega úrvinnslu verður texti yfirfarinn með hliðsjón af lögum um stjórn vatnamála, vatnaáætlun og umsögnum viðeigandi stofnana, eftir því sem við á.

Varðandi svæði 505 Hraunsvatn og Vatnsdal er rétt að taka fram að svæðið er nú friðlýst og er fjallað um það í kafla 6.5 um friðlýst svæði. Það er því ekki fallist á að svæðið hafi verið fellt út úr skipulagsgögnum með þeim hætti að vernd þess hafi verið afmáð. Í kafla um aðra náttúruvernd eru jafnframt tilgreind svæði á náttúruminjaskrá og svæði sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, og þau sýnd á skýringaruppráttum.

18. erindi, sendandi Ólafur Aðalgeirsson:

Athugasemd: GLB17 ehf. óskar eftir að umfangsmikil framtíðarsýn fyrir land Glæsibæjar verði felld inn í endanlega gerð aðalskipulagsins. Í umsögninni er vísað til þess að hugmyndir um framtíðarskipulag landsins hafi áður verið kynntar fyrir skipulagsnefnd og sveitarstjórn og fengið jákvæða umfjöllun, en hafi ekki ratað inn í auglýsta aðalskipulagstillögu. Lögð er áhersla á að horft verði til heildarskipulags fyrir land Glæsibæjar í stað þess að fjalla um einstaka áfanga án samhengis.

Óskað er eftir fjölmörgum nýjum landnotkunarheimildum, m.a. íbúðarbyggð við Hagalaut, svæði fyrir samfélagsþjónustu og verslun/þjónustu norðan Hagatúns, íbúðarbyggð umhverfis Glæsibæ 4, bryggjuhverfi með blandaðri byggð, íbúðarbyggð sunnan áfanga 3 í Hagabyggð og íbúðarbyggð syðst á landareigninni neðan vegar 816.

Þá er óskað eftir að um 200 ha skógræktarsvæði ofan vegar 816 verði skilgreint sem þróunarsvæði fyrir samþætta ferðaþjónustu, útivist og frístundabyggð. Þar er m.a. gert ráð fyrir allt að 200 frístundahúsum, 18 holu golfvelli, hótellóð með allt að 200 herbergjum, heilsulind, veitingaaðstöðu og fjölbreyttu stígakerfi.

GLB17 ehf. gerir einnig athugasemdir við flokkun lands Glæsibæjar sem landbúnaðarlands í flokki L2 og fer fram á að flokkunin verði endurskoðuð, að landið verði flokkað sem L4 eða tekið úr landbúnaðarnotkun, auk þess sem gerðar eru athugasemdir við almennar takmarkanir á landskiptum í L1 og L2.

Jafnframt eru gerðar athugasemdir og lagðar fram óskir vegna efnistökusvæðis E11, nýrra efnistökusvæða, efnislosunarsvæða, göngustígs meðfram vegi 816, auk almennra athugasemda við svæðisskipulag Eyjafjarðar, markmið um kolefnishlutleysi, tölur fyrir ÍB6 Glæsibæ/Hagabyggð, fjarlægðir milli íbúðar- og frístundabyggðar, skilmála um verslun og þjónustu, þolmarkagreiningar ferðamannasvæða, Gásasvæði, stefnu um efnistöku og umfang aðalskipulagsgagna.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Ekki er fallist á að verða við meginefni athugasemdarinnar í þessari endurskoðun aðalskipulagsins. Umsögnin felur í sér mjög umfangsmiklar óskir um nýja og breytta landnotkun í landi Glæsibæjar, m.a. ný íbúðarsvæði, samfélagsþjónustu, verslun og þjónustu, bryggjuhverfi, frístundabyggð, hótell, golfvöll, heilsulind, ný efnistöku- og efnislosunarsvæði og breytta flokkun landbúnaðarlands. Um er að ræða heildstæða framtíðarsýn fyrir stóran hluta jarðarinnar sem hefur ekki verið kynnt, metin eða auglýst sem hluti af þeirri aðalskipulagstillögu sem nú er til afgreiðslu.

Slíkar breytingar kalla á sjálfstæða og ítarlega skipulagsmeðferð, þar sem fjalla þarf heildstætt

um umfang uppbyggingar, áfangaskiptingu, íbúðapörf, samræmi við byggðapróun, áhrif á landbúnaðarland, skógrækt, landslag, náttúru og strandsvæði, samgöngur, veitur, samfélagsþjónusta, efnistöku, efnislosun, umhverfisáhrif og samræmi við aðrar áætlanir. Að mati nefndarinnar er ekki unnt að bæta þessum breytingum inn í aðalskipulagið á þessu stigi, enda grundvallarbreyting á auglýstri tillögu og myndi kalla fram þörf á nýrri kynningu eða auglýsingu.

Erindinu er því vísað til sérstakrar breytingar á aðalskipulagi, þar sem hægt verður að fjalla sérstaklega um framtíðaruppbyggingu í landi Glæsibæjar, leggja mat á forsendur og áhrif, kalla eftir umsögnum viðeigandi aðila og tryggja lögbundið samráð við íbúa, landeigendur og hagsmunaaðila.

Ábendingar GLB17 ehf. um einstök atriði í auglýstri tillögu, svo sem tölur fyrir ÍB6 Glæsibæ/Hagabyggð, framsetningu efnistökusvæða, orðalag skilmála og mögulegar leiðréttingar í greinargerð, verða þó yfirfarnar við lokafrágang aðalskipulagsins og lagfærðar eftir því sem tilefni er til. Umsögnin leiðir að öðru leyti ekki til þess að ný landnotkun eða umfangsmikil uppbyggingaráform í landi Glæsibæjar verði tekin inn í þessa endurskoðun aðalskipulagsins.

19. erindi, sendandi Náttúrufræðistofnun:

Athugasemd: Náttúrufræðistofnun vísar til fyrri umsagna um skipulagslýsingu og vinnslutillögu og tekur fram að hluti fyrri athugasemda sé enn í gildi. Stofnunin telur jákvætt að í greinargerð hafi verið bætt við tilvísun til stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni til ársins 2030 og að bætt hafi verið við markmiði um jarðminjar í kafla 6 um náttúru og verndarsvæði og kafla 6.6 um aðra náttúruvernd. Stofnunin telur þó að leggja megi meiri áherslu á náttúruvernd, líffræðilega fjölbreytni og loftslagsmál í leiðarljósi og markmiðum aðalskipulagsins.

Náttúrufræðistofnun bendir á að fjögur svæði séu á C-hluta náttúruminjaskrár í Hörgársveit: Fjallendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, Hörgárósar, Hraunsvatn og Vatnsdalur og Krossanesborgir. Bent er á að svæði nr. 505 Hraunsvatn og Vatnsdalur vanti inn í greinargerð auglýstrar tillögu og á kort yfir náttúruvernd, þótt það sé enn í forsendu- og umhverfismatsskýrslu. Stofnunin telur nauðsynlegt að svæðinu verði bætt aftur inn í greinargerð og á kort eins og var á vinnslustigi. Þá er ítrekað að öll svæði á C-hluta náttúruminjaskrár eigi að vera merkt inn á aðalskipulagið undir aðra vernd og að gagnlegt væri að sýna einnig friðlýst svæði og hverfisverndarsvæði á náttúruverndarkorti til að gefa heildstæða mynd.

Stofnunin bendir á að mikilvægt sé að tryggja verndargildi svæða á náttúruminjaskrá og meta áhrif annarrar landnotkunar og starfsemi á þau, sbr. 37. gr. náttúruverndarlaga. Jafnframt er ítrekað að skoða megi hvort tilefni sé til að styrkja vernd svæða á C-hluta, t.d. með friðlýsingum, og sérstaklega er nefnt að Hörgárósar séu mikilvægt fuglasvæði. Stofnunin telur jákvætt að texta um víðerni hafi verið bætt við greinargerðina og bendir á að unnið sé að reglugerð um kortlagningu og skilgreiningu óbyggðra víðerna.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Tekið er undir ábendingar Náttúrufræðistofnunar að hluta.

Sveitarfélagið þakkar Náttúrufræðistofnun fyrir ítarlega yfirferð og bendir á að nokkrar ábendingar stofnunarinnar hafa þegar leitt til lagfæringa á greinargerð, m.a. með aukinni umfjöllun um líffræðilega fjölbreytni, jarðminjar, sjálfbæra skógrækt og víðerni.

Varðandi svæði nr. 505 Hraunsvatn og Vatnsdal er tekið undir að lagfæra þurfi framsetningu í skipulagsgögnum. Svæðið hefur fallið út af skýringarupprætti um náttúruvernd og umfjöllun um það vantar í greinargerð í tengslum við svæði á C-hluta náttúruminjaskrár. Úr þessu verður bætt. Svæði 505 verður fært aftur inn á viðeigandi skýringarupprátt og bætt verður við umfjöllun í greinargerð, þannig að samræmi verði milli greinargerðar, forsendu- og umhverfismatsskýrslu og

uppdráttu.

Jafnframt verður yfirfarið hvort framsetning svæða á C-hluta náttúruminjaskrár, friðlýstra svæða, hverfisverndarsvæða og svæða sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga sé nægilega skýr.

Markmiðið er að tryggja að náttúruverndargögn í greinargerð og á skýringaruppdráttum gefi heildstæða og samræmda mynd af helstu verndarsvæðum sveitarfélagsins.

Athugasemd: Varðandi skógrækt telur Náttúrufræðistofnun jákvætt að bætt hafi verið við texta um sjálfbæra skógrækt, m.a. um mat á áhrifum á vistkerfi, líffræðilega fjölbreytni, jarðminjar, landslag, samlegðaráhrif og varúð við notkun framandi trjátegunda. Stofnunin telur þó að leggja mætti meiri áherslu á þessi atriði í almennum ákvæðum. Þá ítrekar stofnunin áhyggjur af umfangsmikilli skógrækt í Öxnadal, einkum með framandi tegundum á borð við stafafuru, og telur að skógrækt á svæðum SL19, SL15 og SL12 geti haft veruleg áhrif á ásynd berghlaupa í Öxnadal. Bent er á að munur sé á stærð skógræktarsvæða SL20 Fagranesi og SL18 Ytri-Bægisá í greinargerð annars vegar og forsendu- og umhverfismatsskýrslu hins vegar.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Varðandi skógrækt er tekið fram að í greinargerð er þegar ítarlegur kafli um skógræktar- og landgræðslusvæði, þar sem fjallað er um skilmála, landslag, tegundaval, samlegðaráhrif, vernd vistkerfa og tengsl við líffræðilega fjölbreytni. Ábendingar

Náttúrufræðistofnunar verða þó hafðar til hliðsjónar við lokayfirferð texta, einkum hvað varðar samræmi stærðartalna fyrir SL20 Fagranes og SL18 Ytri-Bægisá milli greinargerðar og umhverfismatsskýrslu.

Athugasemd: Varðandi efnistöku ítrekar Náttúrufræðistofnun að efnistaka úr virkum árfarvegum sé almennt óæskileg þar sem hún geti haft áhrif á rofferli, lífríki og búsvæði fugla. Þá bendir stofnunin á ósamræmi varðandi efnistökusvæði við Gásir/Gáseyri, þar sem E15 sé enn merkt á skipulagsuppdrætti en svæðið sé númerað E17 í töflu auglýstrar tillögu. Jafnframt bendir stofnunin á að þó E17 sé ekki innan C-hluta svæðis Hörgárósa falli það undir sérstaka vernd skv. 61. gr. náttúruverndarlaga þar sem svæðið sé að hluta skilgreint sem sjávarfitjar

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Varðandi efnistöku verður ósamræmi í númerum og framsetningu efnistökusvæða við Gásir/Gáseyri, þ.e. E15/E17, yfirfarið og leiðrétt í greinargerð og á uppdraetti.

Einnig verður skýrt betur að við efnistöku sem kann að falla innan svæða sem njóta sérstakrar verndar, þ.m.t. sjávarfitja skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, skuli taka mið af ákvæðum náttúruverndarlaga og afla viðeigandi umsagna og leyfa áður en til framkvæmda kemur.

Umsögnin leiðir því til lagfæringa á greinargerð og skýringaruppdráttum, einkum vegna svæðis 505, samræmingar skógræktarsvæða og leiðréttingar á efnistökusvæðum E15/E17. Hún kallar þó ekki á grundvallarbreytingu á stefnu aðalskipulagstillögunnar.

20. erindi, sendandi Veðurstofa Íslands:

Athugasemd: Veðurstofan ítrekar fyrri athugasemd sína frá 26.01.2026 um að tafla í kafla 6.10 um náttúruvá sliti nokkuð úr samhengi texta úr kafla 1.1 í ofanflóðaskýrslu Veðurstofunnar, Ofanflóðaaðstæður í Öxnadal og Hörgárdal frá 2016. Veðurstofan telur að vanda þurfi betur útdrátt úr textanum ef hann er ekki tekinn allur upp.

Jafnframt bendir Veðurstofan á að í forsendu- og umhverfismatsskýrslu hafi loftslagskafla lent í inngangi kafla um náttúruvá og að undirkafla 6.2 ætti frekar að heita Ofanflóð en Skriðuföll, þar sem umfjöllunin taki ekki eingöngu til skriðufalla. Þá sé snjóflóðaumfjöllun mjög takmörkuð og rangt að snjóflóð séu algengust „vestanvert í hliðum og dölum“. Vísað er til kafla 1.1 og 11.1 í skýrslu Veðurstofunnar frá 2016 til glöggvunar.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Tekið er undir ábendingar Veðurstofunnar að hluta. Sveitarfélagið þakkar Veðurstofu Íslands fyrir yfirferðina og bendir á að kafla 6.10 um náttúruvá hefur verið endurskoðaður og styrktur verulega frá fyrri útgáfu. Þar er nú fjallað með skýrari hætti um helstu

tegundir náttúruvár, m.a. flóðasvæði, ofanflóð, snjóflóð, jarðskjálfta, sjávarflóð, forvarnir og áhrif loftslagsbreytinga. Einnig hefur verið bætt við almennri áréttingu um að áhrif náttúruvár séu staðbundin og breytileg og að ávallt skuli byggja á staðbundnu hættumati við nánari skipulagsgerð og leyfisveitingar.

Til að koma enn betur til móts við umsögn Veðurstofunnar verður texti í kafla 6.10 yfirfarinn sérstaklega með hliðsjón af skýrslu Veðurstofunnar um ofanflóðaaðstæður í Öxnadal og Hörgárdal. Útdráttur úr skýrslunni verður lagfærður þannig að hann endurspegli betur helstu niðurstöður hennar og forðist of einfalda eða villandi framsetningu.

Í forsendu- og umhverfismatsskýrslu verður jafnframt yfirfarið hvort færa þurfi loftslagsumfjöllun úr inngangi kafla um náttúruvá eða skýra framsetningu hennar betur. Heiti og efni undirkafla um skriðuföll/ofanflóð verður leiðrétt þannig að það nái betur utan um snjóflóð, krapaflóð og skriðuföll eftir því sem við á. Þá verður orðalag um útbreiðslu snjóflóðahættu leiðrétt og ónákvæm fullyrðing um að snjóflóð séu algengust „vestanvert í hlíðum og dölum“ tekin út eða endurorðuð í samræmi við gögn Veðurstofunnar.

Umsögnin leiðir því til frekari lagfæringa og nákvæmari framsetningar í greinargerð og forsendu- og umhverfismatsskýrslu, en kallar ekki á breytingu á meginstefnu aðalskipulagstillögunnar.

Ekki eru gerðar athugasemdir við auglýsta skipulagstillögu í erindum sem bárust frá Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppi, Dalvíkurbyggð, Skagafirði og Akureyrarbæ.

Náttúrustofa Norðausturlands bað um frest. En þar sem athugasemdir hafa enn ekki borist er frekari fresti hafnað.